

Akranesi 13.apríl 2016.

Bæjarráð /bæjarstjórn Akraneskaupstaðar.

Efni: Vinabæjarmót á Akranesi 2017

Markmið Norræna félagsins er að efla norrænt samstarf á öllum sviðum samfélagsins, efla frið Norðurlandabjóðanna sín á milli og þeirra og annarra þjóða út á við.

Norræna félagið vinnur að markmiðum sínum með því að stuðla að samskiptum milli einstaklinga, félagsdeilda, byggðarlaga og við systurfélög sín á Norðurlöndum.

Norræna félagið og vinabæir Akraness halda í þessum tilgangi vinabæjamót þriðja hvert ár, til skiptis í bæjunum. Sumarið 2017 er því komið að Akranesi að halda mótið. Hverjum vinabæjanna, Bamble í Noregi, Västervik í Svíþjóð, Närpes í Finnlandi og Tönder í Danmörku, er boðið að senda 25 fulltrúa á mótið. Auk þess hefur vinabæjum Akraneskaupstaðar í Sörvági í Færeyjum og Qaqortoq í Grænlandi verið boðið að senda fulltrúa á mótin hér á Akranesi.

Það er trú okkar í Norræna félaginu á Akranesi að svona mót styrki samstarf og efli vinatengsl milli bæjanna og það er eindreginn vilji okkar að vinna en frekar að auknu samstarfi, bæði á vettvangi félaganna en ekki síður í samvinnu við bæjaryfirvöld og stofnanir bæjarins.

Vegleg dagskrá er á þessum mótum; skoðunarferðir, heimsóknir í fyrirtæki, fundir og samverustundir þátttakenda. Lokahóf er haldið síðasta kvöld heimsóknarinnar og á það er boðið gestum, gestgjöfum, bæjarfulltrúum, bæjarstjóra og fleiri gestum.

Venjan er að finna gestunum gistingu og fæði í heimahúsum, en stundum hefur einnig verið í boði að aðstoða við að finna gistingu annars staðar, en þá á kostnað þátttakenda sjálfra.

Það að halda vinabæjarmót er stórt verkefni. Það þarf mikla skipulagningu og ekki síður fjármagn. Ljóst er að Norræna félagið hefur ekki bolmagn til að standa að þessu móti án stuðnings og í samvinnu við bæjaryfirvöld.

Því óskar Norræna félagið eftir formlegum viðræðum við bæjaryfirvöld í vor um væntanlegt vinabæjarmót, undirbúning þess og framkvæmd.

Kær kveðja.

Fyrir hönd stjórnar Norræna félagsins á Akranesi



Hjördís Hjartardóttir

